

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	24.11.2016
Málalykill	09.32
Mál nr.	1302243

Viðhengi 9 - Vegagerðin



Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆR

Reykjavík, 22. nóvember 2016
Tilvísun: 2015010030
EBJ/

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Forkynning

Vegagerðin vísar til erindis Garðabæjar, dags. 26.10.2016, varðandi forkynningu á tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Í upphafi skal þess getið að eftirtaldir vegir í Garðabæ teljast til þjóðvega samkvæmt vegaskrá sem Vegagerðin heldur:

Hafnarfjarðarvegur, Reykjanesbraut og Arnarnesvegur. Vífilsstaðavegur og Elliðavatnsvegur flokkast undir vegi sem með vegalögum nr. 80/2007 færðust úr flokki stofnvega yfir til sveitarfélaga og með ákvæði til bráðbirgða í breytingum á vegalögnum nr. 14/2015 er Vegagerðinni heimilt að annast veghald veganna eða semja um það við sveitarfélögin til ársloka 2019. **Álftanesvegur** féll úr tölu þjóðvega með sameiningu Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness þar sem vegurinn uppfyllti ekki lengur skilyrði um að vera umferðarmikill vegur sem tengir saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Umsögn Vegagerðarinnar tekur því í aðalatriðum mið af þessum skilgreiningum.

Vegagerðin gerir á þessu stigi máls eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna:

Í kafla 4. Samgöngu- og þjónustukerfi, nánar tiltekið í kafla 4.3 Almenningsamgöngur er fjallað umsvokallaða borgarlínu sem liggja muni eftir Hafnarfjarðarvegi um Arnarnesháls og miðbæ Garðabæjar til Hafnarfjarðar. Engin frekari grein er gerð fyrir hvernig legu borgarlínunnar verður háttað á Hafnarfjarðarvegi, hvorki í texta né á uppdráttum. Ekki er gerð grein fyrir hvort eða hvernig borgarlínan kemst fyrir innan vegsvæðis Hafnarfjarðarvegar. Helst lítur út fyrir að vinna hafi ekki farið fram til að greina þennan mikilvæga þátt skipulagsins. Þar af leiðandi er ekki gerð grein fyrir áhrifum borgarlínunnar á þjónustustig almennrar bílaumferðar á Hafnarfjarðarvegi. Vandséð er að Hafnarfjarðarvegur geti tekið við nokkrum skerðingum á afkastagetu nema til umferðaröngþveitis muni koma. Að mati Vegagerðarinnar er það nauðsynlegur þáttur aðalskipulags að gera bæjarbúum og öðrum hagsmunaaðilum nákvæmlega grein fyrir svo mikilvægum þáttum aðalskipulagsins.

Í kafla 4.1.2 Stofnbrautir er fjallað um svokallaðan Ofanbyggðarveg. Þar segir: „Ofanbyggðarvegur er stofnbraut sem er ráðgerð frá Hafnarfirði við Svínholt og mun liggja í norðanverðu Setbergsholti, sunnan Urriðakotsvatns og tengjast Reykjanesbraut í mislægum gatnamótum við Álftanesveg.“ Á skipulagsuppdrætti er vegurinn síðan sýndur í jarðgöngum eða stokki á um 500 m kafla í Setbergsholti. Vegagerðin vekur athygli á að ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort vegur þessi verður þjóðvegur eða innanbæjarvegur í Garðabæ og Hafnarfirði sunnan bæjarmarkanna. Ennfremur er vakin athygli á að orðin stofnvegur

samkvæmt vegalögum og stofnbraut samkvæmt skipulagsreglugerð þurfa ekki að hafa sömu merkingu. Stofnbraut er ekki endilega þjóðvegur en stofnvegur er það alltaf.

Álftanesvegur er enn þjóðvegur, en í samræmi við vegalög stendur til að Garðabær taki við veghaldi vegarins. Vegagerðin telur eigi að síður tilefni til að gera athugasemdir við tengingar við veginn. Vegagerðin telur að tenging við suðurhluta Garðaholts, Hleina, Hrafnistu og norðurbæ Hafnarfjarðar sé afar óhagkvæm og vegalengdir til og frá svæðunum óþarflega langar. Niðurfelling framhalds Vífilsstaðvegar vestan hringtorgs við Hraunsholtsbraut af aðalskipulagi Garðabæjar leiðir til þessa. Vegagerðin leggur til að sá hluti kaflans sem er vestan Álftanesvegar verði ekki felldur út af aðalskipulagi.

Í kafla 4.1.3 Tengibrautir segir m.a.: „Einnig verður tengibraut frá Vífilsstaðavegi um Leirdalsop, sem tengist Arnarnesvegi í Kópavogi.“ Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillögu þessa, en áréttar að ekki er um þjóðveg að ræða.

Í kafla 5.7 Náttúruvá er nánar tiltekið fjallað um sjávarflóð í kafla 5.7.1. Ábendingar siglingasviðs Vegagerðarinnar í þessu sambandi eru eftirfarandi:

Kafla 5.7 Náttúruvá

Í kaflanum er rétt að komi fram að til að verja núverandi byggð þarf að viðhalda sjónvörnum.

Í kaflanum eru tilgreindir lágmarksgólfkótar nýbygginga byggðir á Lágsvæðaskýrslu (1. áfangi 1992, 2. áfangi 1995). Á þessu og næsta ári stefnir Vegagerðin að því að setja af stað verkefni í samvinnu við Skipulagsstofnun þar sem settar verða fram viðmiðunarreglur um lágmarkslandhæð og gólfkóta á lágsvæðum. Forsendur geta breyst bæði hvað varðar hnattræna hlýnun og hvernig rúmmálsaukning sjávar dreifist yfir heimshöfin, hvaða öryggi ber að hafa til viðmiðunar ákvörðunar á landhæð og þá eru tímaraðir til ákvörðunar á landsigi stuttar. Þegar niðurstöður þessarar vinnu liggja fyrir skal notast við þær.

Mynd 26: Í myndatexta segir „Sjávarflóð miðað við 5 m hækkun sjávar“. Hér er líklega átt við sjávarstöðu 5 m.y.s. Ef borið er saman við mynd 27 þar sem búið er að merkja hættusvæði miðað við sjávarstöðu 4 m.y.s. virðast hættusvæðin á seinni myndinni vera þau svæði sem flæðir yfir á þeirri fyrri.

Kafla 8.1 Samráð við gerð skipulagsins

Í kafla 8.1.1. eru taldir upp umsagnaraðilar og í línu 3 segir: Vegagerðin/Siglingastofnun. Siglingastofnun er ekki lengur til og er Vegagerðin umsagnaraðili þess hluta sem áður tilheyrði Siglingastofnun.

Siglingasvið Vegagerðarinnar gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt,



Eiríkur Bjarnason
forstöðumaður áætlanadeildar

Afrit: Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis